



## Samstarfssamningur Ísafjarðarbæjar og Framkvæmdasjóðs Skrúðs

### 1. gr.

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 og Framkvæmdasjóður Skrúðs, kt. 500698-2179, gera með sér eftirfarandi samning, á grunni þess sem sem upphaflega var gert árið 2002, um varðveislu og umhirðu garðsins Skrúðs í Dýrafirði.

### 2. gr.

Rekstur garðsins verður í höndum Ísafjarðarbæjar og renna þjónustugjöld og aðgangseyrir til Ísafjarðarbæjar til niðurgreiðslu, vegna umhirðu, vinnu og aðfanga.

### 3. gr.

Tilgangur samstarfsins er að stuðla að varðveislu Skrúðs sem er elsti skrúð-, matjurta- og kennslugarður landsins og hornsteinn í garðyrkjusögunni. Jafnframt að tryggja eðlilegt viðhald og umhirðu hans almenningi til fróðleiks.

### 4. gr.

Framkvæmdasjóður Skrúðs hóf endurreisnarstarf Skrúðs árið 1992, að eigin frumkvæði, og hefur á að skipa öflugum tengslaneti sérfræðinga í garðyrkju og skipulagi, auk þess sem innan hópsins eru fremstu sérfræðingar í landinu í garðyrkju og umhirðu trjágróðurs. Ísafjarðarbær hefur því aðgengi, í gegnum Framkvæmdasjóð Skrúðs, að öflugri ráðgjöf að öllu er lýtur að ræktun garðsins.

### 5. gr.

Vinna skal að venjulegu viðhaldi garðsins í samræmi við starfslýsingu sem Ísafjarðarbær ákveður í samráði við Framkvæmdasjóð Skrúðs á hverjum tíma.

### 6. gr.

Aðilar eru sammála um að ákvarðanir um meiri háttar viðhaldsverkefni sem háð eru aðkomu Ísafjarðarbæjar m.t.t. laga um mannvirki, skipulagsreglugerðar og/eða fjárhagsáætlun sveitafélagsins, skulu ræddar á samráðsfundi við sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs. Einnig skal taka ákvörðun um allar breytingar í garðinum og næsta nágrenni á sameiginlegan hátt til þess að fagleg sjónarmið ráði. Slíkar ákvarðanir kalla á vandaða umræðu, þar sem ávallt er rétt að hafa í huga megintilgang varðveislu garðsins.

#### **7. gr.**

Framkvæmdasjóður Skrúðs vinnur að verndaráætlun í samráði við skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar og í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Verndaráætlun og friðun er háð samþykki bæjarstjórnar. Stefnt er að því að friðlýsa elsta hluta garðsins þ.e. Inr. 14992 (stærð 35 x 75 m). Þekking einstaklinga í Framkvæmdasjóði Skrúðs á ræktunarsögu, umhirðu og rekstri garðsins kemur þar að góðum notum. Minjastofnun Íslands greiðir útlagðan kostnað og mun sú vinna einnig nýtast við hefðbundið viðhald og umhirðu garðsins.

#### **8. gr.**

Haldinn skal samráðsfundur samningsaðila, Ísafjarðarbæjar og Framkvæmdasjóðs Skrúðs, í septembermánuði ár hvert á gildistíma samnings, þar sem m.a. skal fjallað um fjárhagsáætlun, viðhaldsverkefni, framtíðaráform og markaðar áherslur í sambandi við kynningu og fræðslu.

#### **9. gr.**

Framkvæmdasjóður Skrúðs mun eftir því sem kostur gefst vinna að fjáröflun og fjármögnun skilgreindra verkefna og vinna að styrkumsóknum. Styrkhæf verkefni sem sjóðurinn kann að fá úthlutun fyrir er háð samþykki bæjaryfirvalda vegna mögulegra skuldbindinga Ísafjarðarbæjar í formi mótframlaga.

#### **10. gr.**

Hvor aðili um sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á ákvæðum samningsins innan samningstímans, en endurskoðun er háð samþykki beggja aðila. Endurskoðun skal fara fram eins fljótt og auðið er. Náist ekki samkomulag um endurskoðun samningsins geta samningsaðilar sagt upp samningi þessum og skal uppsagnarfrestur vera sex mánuðir.

Ef verulegar vanefndir verða á einstökum ákvæðum samningsins skal gerð skriflega grein fyrir því með ósk um úrbætur innan sanngjarns tíma miðað við eðli máls. Samningsaðilar skal svo fljótt sem auðið er finna leiðir til úrbóta og þær framkvæmdar. Teljist úrbætur ófullnægjandi er heimilt að segja samningi upp og tekur uppsögn þegar gildi.

#### **11. grein.**

Samningstími er þrjú ár, frá og með 15. apríl 2021. Stefnt er áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.

Ísafjörður, 15. apríl 2021

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Framkvæmdasjóðs Skrúðs

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

Brynjólfur Jónsson, formaður